

RÁÐNINGARSAMNINGUR

Bæjarstjórn Stykkishólms ræður Jakob Björgvin Jakobsson sem bæjarstjóra frá 11.júní 2018 til loka yfirstandandi kjörtímabils, en síðasti starfsdagur skal þó miðast við 15. júní 2022 komi ekki til endurráðningar eða óskir um annað, sbr. 4. gr.

Um verksvið bæjarstjóra fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og þeim samþykktum bæjarstjórnar sem settar hafa verið um starfið. Að öðru leyti gilda eftirfarandi ákvæði um ráðningu þessa.

1.grein

Laun bæjarstjóra skulu vera kr. 972.596.- á mánuði og taka breytingum samkvæmt launavísitölu tvisvar á ári (m.v. apríl 2018, 641,9 stig). Vegna yfirvinnu, funda og ferðalaga skulu greiddar 50 yfirvinnustundir á mánuði og reiknast hver yfirvinnustund sem 1,0385% af föstum mánaðarlaunum. Bæjarsjóður sér um allar launþegatryggingar bæjarstjóra. Um önnur réttindi vísast í kjarasamning Sambands íslenskra sveitarfélaga og Stéttarfélags lögfræðinga.

2.grein

Bæjarsjóður greiðir mótframlag af heildarlaunum, í almennan lífeyrissjóð 11,5% og í viðbótarlífeyrissjóð 2%.

3.grein

Stykkishólmsbær leggur bæjarstjóra til bifreið til afnota. Geti Stykkishólmsbær ekki lagt til bifreið ber að greiða fyrir akstur samkvæmt akstursdagbók og eftir aksturtexta „ferðakostnaðarnefndar ríkisins“ hverju sinni. Vegna ferðalaga er útlagður kostnaður greiddur samkvæmt framlögðum reikningum eða dagpeningar greiddir samkvæmt ákvörðun „ferðakostnaðarnefndar ríkisins“ hverju sinni. Vegna afnota af heimasíma, heimanettengingu og farsíma, sem bærinn leggur til, er bæði greitt fastagjald og umframnotkun.

4.grein


Komi til uppsagnar af hendi bæjarstjórnar og/eða ekki til endurráðningar að samningstíma liðnum skal bæjarstjóri fá full 6 mánaða laun að starfstíma loknum. Komi ekki til endurráðningar að samningstíma liðnum getur bæjarstjórn óskað eftir því að bæjarstjóri starfi í allt að 2 mánuði vegna ráðningar viðtakandi bæjarstjóra og taka þá laun skv. 1. málsl. við að þeim tíma liðnum.

5.grein

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum.


Til staðfestingar samningi þessum undirrita hann forseti bæjarstjórnar fyrir hönd Stykkishólmsbæjar og bæjarstjóri fyrir sína hönd.

Stykkishólmi 11.júní 2018



Hrafnhildur Hallvarðsdóttir

Forseti bæjarstjórnar



Jakob Björgvin Jakobsson

Bæjarstjóri